

KIRKJUGARÐARÁÐ

Fjarfundur

171. fundur haldinn fimmtudaginn 10. desember 2020

Pátttakendur voru: Ragnildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjubings, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins var: Jóhannes Finnur Halldórsson hagfræðingur undir lið 2.

1. Fundur settur.

Fundur hófst kl. 13:00

Fundargerð síðasta fundar samþykkt ásamt fundargerð 169 fundar.

2. Kynning á tölfraeði og hugmyndum að nýju grafargjaldi fyrir árið 2021.

Jóhannes Finnur Halldórsson kynnti. Kynnt var tillaga að nýrri reiknireglu sem byggir á 5. flokkum. Þremur sem snúa að kistugröfum og tveimur sem snúa að duftkerum.

Kirkjugarðaráð lýsti ánægju sinni með verkið og mun taka það til umræðu á næsta fundi.

Upplýst var að Kirkjugarðasambandið muni fara yfir tillögur Jóhannesar Finns á fundi sínum í janúar og koma með tillögu til Kirkjugarðaráðs varðandi skiptinguna. Í framhaldi af umræðu um bálfarir var samþykkt að Kirkjugarðaráð sendi erindi til dómsmálaráðuneytisins, þar sem óskað yrði eftir að myndaður yrði vinnuhópur sem kæmi með tillögu um hvort ætti að lagfæra gömlu bálstofnuna í Fossvogi eða byggja nýja.

3. Reglugerðarbreyting á greiðslu kostnaðar vegna prestsþjónustu við útfarir, grafartöku og viðhald legstaða.

Dómsmálaráðuneytið setti reglugerðina í september. Ragnildur Benediktsdóttir formaður lagði hana fram til kynningar.

4. Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2019.

Ragnildur Benediktsdóttir formaður og Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kynntu. Reikningurinn var samþykktur. Ákveðið var að undirrita reikninginn með rafrænum hætti.

5. Næsti fundur.

Næsti fundur verður haldinn 21. janúar kl. 13:00.

6. Önnur mál.

Engin.

Fleira ekki gert,
Fundi slitið kl. 14:30.

Ragnildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari